

Borgarráð 4.10.'18: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um viðbrögð borgarráðs við dómsmáli E-3132/2017 - R17100046

Ekki hefur verið brugðist við dómi héraðsdóms í máli héraðsdóms E-3132/2017, að hálfu skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Miklar umræður hafa verið í borgarráði og á öðrum vettvangi borgarinnar. Sá embættismaður sem dæmdur var fyrir ólöglega áminningu og setti af stað eineltisrannsókn í samvinnu við borgarritara, heldur starfi sínu eins og ekkert hafi í skorist. Hún er enn yfirmaður og hefur skipunarvald yfir fjármálastjóranum sem hafði fullan sigur í dómsmálinu. Við köllum eftir viðbrögðum borgarráðs, því borgarráð er sú stofnun sem ákvarðar í svona málum og óskum eftir að málið verði tekið á dagskrá ráðsins á ný.